

Alþingi
Nefndarsvið
101 Reykjavík

MPÁ/SRSS/Is

Reykjavík 29.5.2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 – Þingskjal 812 – 573. mál. Uppbygging innviða

RARIK ohf. þakkar fyrir tækifæri til að koma að umsögn um ofangreint mál.

Í greinargerð með framangreindum frumvarpsdrögum kemur fram að breytingarnar byggi á fyrirliggjandi tillögum um einföldun leyfisveitingingaferla vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku. Markmiðið með þeim er meðal annars að hraða eins og kostur er stjórnsýslumeðferð ákvarðana sem tengjast línulögnum.

RARIK ohf. fagnar slíkum markmiðum og tekur undir mikilvægi þess að stjórnsýsluferli sem lúta að uppbyggingu flutningskerfisins séu eins skilvirk og kostur er.

RARIK ohf. hefur kynnt sér það opna samráðsferli sem fram fór og vísað er í frumvarpinu (Mál nr. S-159/2020).

RARIK ohf. vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

- Það er mikilvægt að flutningskerfið sé byggt upp til að þjóna markmiðum raforkulaga um öryggi, skilvirkni og hagkvæmni, auk þess sem uppbyggingin þarf að vera í sátt við sveitarfélög og umhverfi. Það er þess vegna mikilvægt að samræma málsmeðferð við raforkulög eins og kostur er og tekur RARIK ohf. undir ábendingar Landsnets úr opna samráðsferlinu þess efnis.
- Heimild ráðherra til að skipa raflínunefnd mætti að mati RARIK ohf. takmarkast við ákveðnar aðstæður. Til dæmis með því að setja tímaramma þannig að ef sveitarfélög ná ekki saman um skipulag þá megi ráðherra, eða nefnd skipuð af honum, grípa inn í ferlið.
- Að mati RARIK ohf. eru orðin raflínunefnd og raflínuskipulag óheppileg og geta valdið misskilningi. Betra sé að notast við orðin flutningslínunefnd og flutningslínuskipulag.
- RARIK ohf. tekur undir ábendingar Samorku og Landsnets úr opna samráðsferlinu, um að nefnd sem fjallar um uppbyggingu flutningskerfisins eigi og þurfi að vera skipuð sérfræðingum þar sem ráðneyti orkumála eigi fulltrúa.

Að lokum vill RARIK ohf. koma því á framfæri að eins og frumvarpsdrögin standa núna virðist lítið hafa verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem komu frá helstu hagsmunaaðilum í opna samráðsferlinu. RARIK tekur einnig undir efasemdir þess efnis að frumvarpsdrögin nái þeim markmiðum um aukna skilvirkni stjórnsýsluferla sem lagt var upp með.

Virðingarfyllt,
Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri RARIK.